

38. Zabderfilíó

Enginn fyrir einn og einn fyrir alla



Mólefni	Almenn mannréttindi, mismunun
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	7–10 ára
Tími	35 mínútur
Hópstærð	5–35 börn
Tegund verkefnis	Frásögn, verkefni í tengslum við hana
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að ræða um hugtakið „Öll ólík – Öll jöfn“ • Að fjalla um hvað felst í umburðarlyndi og fjölbreytileika • Að ræða um ofbeldi og átakalausnir • Að öðlast skilning á meginreglunni um algildi mannréttinda
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Æfðu brúðusýninguna fyrir fram • Útbúðu tuskudýr sem á að vera Zabderfilíó, þ.e. skepnu sem er með einkenni ýmissa dýra (einnig er hægt að nota dreifiblaðið)
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Brúðuleikhús eða svipað fyrirkomulag • Nokkur tuskudýr, veiðimaður, kynnir og Zabderfilíó, eins og hann er á dreifiblaðinu

Leiðbeiningar

1. Láttu börnin fá sér sæti fyrir framan brúðuleikhúsið. Segðu þeim að þau verði að hafa hljóð og sitja kyrr á meðan sýningin fer fram. Þau mega aðeins tala þegar dýrin spyrja þau um eitthvað og það má ekki snerta dýrin.
2. Settu sýninguna í gang. Leggðu af og til spurningar fyrir börnin til að halda þeim við efnið og vinna að settum markmiðum.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Hvað finnst ykkur um söguna?
 - b. Hvað gerðist í sögunni?
 - c. Hvaða dýr eruð þið ánægðust með? Óánægðust? Hvers vegna?
 - d. Voru hin dýrin sanngjörn við Zabderfilíó?
 - e. Hvers vegna höguðu þau sér svona?
 - f. Hvers vegna haldið þið að hin dýrin hafi að lokum orðið vinir Zabderfilíós? Vegna þess að hann var sterkastur? Flottastur? Eða vegna þess að hann var hugrakkur og örlátur? Eða var ýmsum kostum búinn?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
 - a. Hafið þið nokkurn tímann séð farið með einhvern eins og dýrin fóru fyrst með Zabderfilíó?
 - b. Hvers vegna gerist svona lagað í raunveruleikanum?
 - c. Erum við öll jöfn en samt ólík? Að hvaða leyti erum við öll lík hvert öðru? Og að hvaða leyti ólík?
 - d. Hvað getum við gert til að koma í veg fyrir að börnum líði eins og Zabderfilíó þegar enginn vildi vera vinur hans?

Heimild:

Unnið upp úr brúðusýningu portúgalska leikhópsins „Animação e Inovacao Social“, (MAIS): www.mais.online.pt



Tillögur um framhald

Börnin geta sjálf sýnt einhverjum öðrum barnahópi þennan einfalda brúðuleik. Þau gætu líka búið sjálf til tuskudýrin og/eða samið aðra sögu. Einnig væri hægt að setja aðrar sögur í *Litla-kompás* upp sem brúðuleikrit (t.d. „Ævintýri úr nútímanum“, bls. 200, og „Einu sinni var ...“, bls. 78).

Hugmyndir um aðgerðir

Spyrðu börnin hvernig þau haldi að það væri að fá „Zabderfilíó“ inn í hópinn þeirra. Hjálpaðu börnunum að búa til sínar eigin „siðareglur“ um hvernig þau eigi að umgangast hvert annað, virða hvern einstakling og sérkenni hans. Hengdu reglurnar upp í fundarherberginu ykkar og vísaðu í þær þegar við á.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Í stað alvöru brúðuleikhúss má sitja á bak við teppi.
- Notaðu þau tuskudýr sem eru við höndina. Ef þig vantar einhver dýr skaltu búa þau til úr pappa eða gömlum sokkum.
- Breyttu Zabderfilíó eins og þú vilt. Hann gæti verið með kanínueyru, horn eins og nashyrningur, nef og veiðihár eins og mús, ljónsmakka, kengúrúpoka eða hvernig sem er. Í öllu falli á hann að líta undarlega út og vera að minnsta kosti með áberandi nef, tala hátt og geta læðst um. Einnig er hægt að laga söguna að þeim tuskudýrum sem þú átt.
- Ef börnin eru mörg skaltu fá annan kennara/leiðbeinanda til að aðstoða þig þegar börnin og dýrin fara að skiptast á spurningum og svörum.

ATBURÐARÁS

Kynning: (framkvæmd af „dýri“ sem tekur að öðru leyti ekki þátt í leikritinu)

Kynnirinn: Halló, herrar mínar og frúr, piltar og stúlkur. Það er gaman að sjá alla hér saman komna til að fylgjast með sýningu dagsins.

Ég get sagt ykkur aðeins frá því um hvað leyndarmálið fjallar í dag. Sagan gerist í dýraheimum. Og í þeim heimi, eins og í okkar heimi, er ekki allt fagurt og ekki heldur allt ljótt, og ekki allt eðlilegt eða undarlegt. En – alltaf kemur eitthvað á óvart! Og þessi saga er einmitt um einn af þessum óvæntu atburðum. Þetta er saga um afar sérstaka skepnu sem heitir Zabderfilíó. Horfið nú á og fylgist vel með. Sitjið kyrr á ykkar stað, annars flýja dýrin kannski burt og þá fáum við aldrei að vita hvernig sagan endar. Sjáumst síðar.



SAGAN

Samantekt: Zabderfilíó hittir alls konar dýr, hvert á fætur öðru. Öllum finnst þeim Zabderfilíó vera skríttin skepna. Zabderfilíó langar að eignast vini en ekkert dýranna vill verða vinur hans af því að hann er ... svo skríttinn.

Hér á eftir er dæmi um það:

Gíraffi: (Kemur inn á sviðið og talar til barnanna) Komið þið öll sæl og blessuð. Vitið þið hver ég er?
(Áhorfendur: Þú ert gíraffi.)

Gíraffi: Hvernig vitið þið það? Er ég með nafnspjald einhvers staðar?
(Áhorfendur: Af því að þú ert með langan háls og svo er það liturinn ...)

Gíraffi: Já, þið hafið rétt fyrir ykkur. Ekkert dýr í heiminum er með lengri háls en ég. Ég hef mjög gott útsýni og ég get bitið lauf af hæstu trjánnum eins og ekkert sé.
(Zabderfilíó kemur inn á sviðið)

Zabderfilíó: (Mjög vinalegur og spenntur) Halló!

Gíraffi: VÁÁÁÁÁ ... þú gerðir mér bilt við með því að læðast svona upp að mér. En heyrðu mig, hver ert þú?

Zabderfilíó: Ég heiti Zabderfilíó.

Gíraffi: Zabberbadderlilóóó-hvað??

Zabderfilíó: Ég heiti Zabderfilíó og mig langar svo til að eignast vini. Vilt þú vera vinur minn?

Gíraffi: Uh, humm... Ég veit það nú ekki. Mér finnst þú svo skríttinn! Þú ert ekki mús, ekki ljón, ekki kengúra en samt ertu líkur öllum þessum dýrum. Allir vinir mínir eru annaðhvort þessi eða hinn en ekki blanda af þeim eins og þú. Afsakaðu, en ég þarf að flýta mér til vina minna. Héhé-héé, þú ert svo skríttinn og ljótur.

Zabderfilíó: (Sár og leiður) En, en – bíddu aðeins ...

(Gíraffinn er á bak og burt og Zabderfilíó snýr sér að áhorfendum)

Zabderfilíó: Ég er svo leiður. Af hverju vildi gíraffinn ekki vera vinur minn? Jæja, ég ætla að halda aðeins lengra inn í skóginn og vita hvort ég hitti ekki einhver önnur dýr til að leika við.

Ekkert af dýrunum sem Zabderfilíó hittir vill verða vinur hans. Þegar hann er búinn að hitta nokkur dýr kemur veiðimaður inn á sviðið. Hann er að veiða dýr. Í hvert sinn sem dýr birtist á sviðinu reynir veiðimaðurinn að ná því en öll hlaupa þau burtu og hrópa á hjálp.

Þá fer veiðimaðurinn af sviðinu, hann ætlar að reyna að finna dýrin inni í skóginum. Zabderfilíó birtist aftur. Hann spyr áhorfendur hvaða hávaði þetta hafi verið.

Þegar áhorfendur eru búnir að segja honum hvað er á seyði, notar Zabderfilíó músarnefið sitt til að þefa veiðimanninn uppi (aha, ég finn þef af veiðimanni með lyktnæma nebbanum mínum.), kattarloppurnar til að hreyfa sig hljóðlaust (ég held að ég geti læðst að honum eins og köttur.) og ljónsöskrið til að hræða veiðimanninn burt (og nú nota ég drynjandi röddina til að öskra eins og ljón og hræða hann burt. GRRR!).

Eftir þessa hetjudáð koma dýrin til hans og biðja hann afsökunar á hvað þau voru leiðinleg við hann. Þau vilja öll fá að vera vinir hans og Zabderfilíó samþykkir það glaður í bragði. Dýrin kveðja síðan áhorfendur og kynnirinn birtist á sviðinu með lokaorðin sín.



NIÐURSTAÐA

Kynnirinn: Jæja, gott fólk. Þetta var sagan um hann Zabderfilíó. Hvernig fannst ykkur hún?

Hann var vissulega skrítn skeepna. En hann gat hjálpað vinum sínum vegna þess að hann bjó yfir svo mörgum hæfileikum. Næst þegar þið sjáið einhvern sem lítur svolítið öðruvísi út en aðrir vona ég að þið hugsið til Zabderfilíós – sá eða sú kann að búa yfir hæfileikum sem þið hafið ekki hugmynd um og getur verið ykkur góður vinur.

EFNI TIL DREIFINGAR: ZABDERFILÍÓ

